

Hampiðjan:

Sýnir veiðarfæri og kaðla


Hannes Pálsson forstjóri og þar sem Hampiðjan hefur átt að vera með fjölbreytt sýnishorn af framleiðsluvörum. — Við verðum með fiskinet, fiskilínur og kaðla, sagði Hannes. — Færeyingar eiga eina veiðarfæragæði í framleiðslu. Eins hafa Færeyingar keypt töluvert af fiskilínunum og teinatögum úr gervi-

efnum af okkur nú upp á síðkastið.

— Við gerum okkur það ljóst, sagði Hannes, — að í Færeyjum er mikill markaður fyrir framleiðsluvörum okkar, og höfum nú góða von um að samvinna takist milli okkar og Færeyinga um sölu á vörum okkar þangað.

Jón Loftsson hf.:

Sýnir hleðslusteina



JÓN Loftsson hf sýnir í Færeyjum hleðslusteina í útveggi, og kynnir jafnframt nýja bygg-ingaraðferð varðandi þá.

Samkvæmt upplýsingum, er Morgunblaðið aflaði sér hjá Lofti Jónssyni, forstjóra, hófst framleiðsla þessara hleðslusteina hjá fyrirtækinu úr rauða mól frá Seyðishólum árið 1954, og árið 1962 var hafin framleiðsla staðlaðs mátsteins til útveggja húsa úr rauðamól frá Seyðishólum.

„Um byggingaraðferðina er það að segja, að Jón Kristinsson, arkitekt, vann fyrir Jón Loftsson hf. ýmsar athuganir á hentugum aðferðum við hleðslusteinsis, og hefur hann ritað leiðbeiningabækling um hleðslu húsa. Byggingaraðferðin, sem þar er mælt með byggist á algerlega tvöföldum útveggjum

úr mátsteini og máthellum úr gjalli frá Seyðishólum. Gert er ráð fyrir steypum gólflistum með raflögnum, bæði undir út- og innveggjum. Hefur það reynzt hentugt, það sem meginreglan er að veggir séu ekki einangraðir, þó að sú regla sé ekki einhlít, og aðrar aðferðir komi einnig til greina“, sagði Loftur.

Hann sagði ennfrems að þessi byggingaraðferð væri stöðugt að ryðja sér meira til rúms, og áhuginn fyrir hlöðnum húsum stöðugt að aukast. „Við höfum fengið pantanir í hleðslusteinum í fleiri hús núna en í fyrra, þrátt fyrir það að um lægð sé að ræða í byggingariðnaðinum. Bendir þetta tvímælaust að okkar dómi til aukinna vinsælda þessarar aðferðar.“



Guðbergur Guðbergsson, forstjóri Gos h.f. með sýnishorn af framleiðslunni.

Gos hf. sýnir:

Plastvörur, nagla o.fl.

Umboðs- og heildverzlunin Gos h.f., Skipasundi 16, mun senda ýmsar vörur á iðnkynninguna. Er hér um að ræða plastvörur t.d. hárgreiður, glös og festingar, sem Gos hefur um boð fyrir. Einnig sendir Gos sýnishorn af eigin framleiðslu, sem er aðallega naglar, straumbreytar og rafsuðuvélar.

Guðbergur Guðbergsson, forstjóri Gos h.f. segir að fram til þessa hafi fyrirtækið ekki selt neitt af þessum vörum til Færeyja, en hafi hins vegar selt lítið eitt af harðfiski þangað. Guðbergur telur að með meira rekstursfjármagni mundu sölumöguleikar þeirra í Færeyjum vera mjög miklir.

— Eg er viss um að þá gætu við selt þangað allt að 150 tonnum af nöglum og fengið góðan markað fyrir aðrar vörur, sem við höfum á boðstólum.

Íslenzk vörusýning í Færeyjum

UM NÆSTU helgi kynna allmörg íslenzk fyrirtæki varning sinn í Tórshavn í Færeyjum og kanna möguleika á útflutningi þangað. Verða þarna m.a. til sýnis margskonar íslenzkar iðnaðarvörur. — Morgunblaðið hefur átt tal við forráðamenn nokkurra af fyrirtækjunum, sem þarna sýna og fara þau samtöl hér á eftir:

Vélsmiðjan Héðinn hf.:

Byrjunin á markaðskönnun erlendis

VÉLSMIÐJAN Héðinn hf. mun Færeyjum kynna hraðfrystitæki, ísvélar og frystipjöppur.

Markús Sveinsson, fulltrúi, varð til þess að gera lesendum Morgunblaðsins nokkra grein fyrir þessari framleiðslu fyrirtækisins.

„Hraðfrystitækin höfum við nú framleitt í ein sjö ár,“ sagði Markús. „Uppistaða þeirra eru álpönnur, sem við hönnuðum sjálfir á sínum tíma, en í þessum álpönnum er mun meira völkvarými en annars þekkt og þessi munur stýttir frystitím ann um allt að 20 prs. Hvað verð snertir á hraðfrystitækjunum, erum við nú vel samkeppnisfærir við erlenda framleiðendur svo kosturinn við álpönnurnar okkar er mjög sterkt vopn.“

Við framleiðum nú þrjár gerðir ísvéla — með átta, þrettán og tuttugu tonna afkastagetu á sólarhring. Haustið 1966 fluttum við eina átta-tonna vél út til Noregs til reynslu og síðan höfum við selt þangað tvær aðrar vélar. — Á alþjóðlegri sýningu í London 1963 vorum við með eina vél og létum hana ganga allan tímann. Svo haggði til, að skammt frá sýningarvörðum okkar, var bar og varð mjög vinsælt meðal sýningargesta að koma til okkar og fá skelís í glösin! — Nú er samkeppnisaðstaða ísvéla okkar ágæt, t.d. er 20-tonna vélin okkar mun ódýrari en t.d. danskar vélar í sama afkastaflokki.

Í Færeyjum ætlum við að kynna tvenns konar frystipjöppur, stimpilbjöppu og spjaldbjöppu. Stimpilbjöppan hefur nú verið lengi á markaðnum en spjaldbjöppan er nýrri og okkar spjaldbjöppa er mun ódýrari en t.d. spjaldbjöppur framleiddar í Bandaríkjunum.

Þessi tilraun okkar í Færeyjum er byrjunin á könnun sem við ætlum að gera til að finna möguleika okkar á erlendum mörkuðum, en við höfum t.d. fengið fyrirspurnir frá Spáni, Portúgal, Ítalíu og Grikklandi.“



Markús Sveinsson með tvær álpönnur eins og þær, sem eru sterkasta vopn hraðfrystitækjanna frá Héðni.